



Alþingi – Atvinnuveganefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2011

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. (7. mál lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Hagstofu Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillagan fjallar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi og er metnaðarfull tilraun til að setja fram stefnu í málefnum sem varða græna hagkerfið. Hagstofan telur að það myndi styrkja markmið hennar ef þar yrði einnig að finna tillögu um að bæta tölfræði um umhverfismál verulega. Slíkar umbætur myndu jafnframt auðvelda alla stefnumótun og stuðla að bættri og markvissari ákvarðanatöku á sviði umhverfismála.

Í lið 6 í tillögunni lagt til að svonefndur GPI framfarastuðull stuðull verði reiknaður og Hagstofan standi fyrir því verki. GPI er einn af mörgum stuðlum sem taka tillit til þátta sem falla utan við gerð þjóðhagsreikninga í umhverfi þjóða. Aðferðafærði við útreikninga eru ekki samræmdar og talsverður ágreiningur um þær. Slíkir mælikvarðar eru því ekki reiknaðir reglulega af Hagstofum. Vinna við gerð mælikvarðanna fer því að mestu leyti fram á sviði háskóla og rannsóknarstofna og slíkt rannsóknarverkefni er í gangi við Háskóla Íslands. Hagstofan telur því rétt að fela Háskólum og rannsóknarstofnunum ábyrgð á verkefninu.

Algengasta aðferðin til að meta áhrif ýmissa þátta vegna umhverfis er sú að styðjast við hliðarreikninga um umhverfismál. Þar er stuðst við samræmdar alþjóðlegar aðferðir sem reistar eru á staðli frá árinu 2003, SEEA (system of economic and environmental accounts), en nú stendur yfir víðtæk endurskoðun á honum undir forystu Sameinuðu Þjóðanna. Hliðarreikningar um umhverfismál eru í ramma þjóðhagsreikninga og var gerð þeirra nýlega sett í hagskýrslulög í Evrópu (ESB reglugerð 691/2011) og eru nú hluti af EES samningnum. Fyrstu niðurstöðum á að skila árið 2013 og höfum við sótt um undanþágu til ársins 2015. Hér er um að ræða þrjá þætti. Sá fyrsti er um losun og annar um umhverfisskatta og gjöld og þarf að skila þeim gögnum í ítarlegri sundurliðun niður á atvinnugreinir innan ramma uppruna og ráðstöfunartaflna. Í þriðja þættinum þarf að gera ítarlega grein fyrir áhrifum af notkun náttúraauðæfa og ýmissa afurða sem tengjast umhverfi og upplýsingum um úrgang. Forsendur fyrir gerð reikninganna er að til sé ítarleg tölfræði um umhverfismál. Mikið er til af upplýsingum um einstaka þætti umhverfismála, en ekki er unnið úr þeim kerfisbundin tölfræði. Hliðarreikningar um umhverfismál byggjast á uppruna og ráðstöfunartöflum og gerð þeirra er hluti af endurbótum á gerð þjóðhagsreikninga og er gert ráð fyrir að þær verið tiltækar árið 2014. Hliðarreikningar um umhverfismál eru mikilvægir þegar fjallað er um málefni græna hagkerfisins. Hagstofan

leggur því til að í tillögunni komi fram stuðningur við gerð tölfræði um umhverfismál og umhverfisreikninga.


Í lið 4 í þingsályktunartillögunni er lagt til að Hagstofan safni upplýsingum um grænar atvinnugreinar og störf. ÍSAT 2008 er íslenska útgáfan af alþjóðlegri atvinnugreinaflokkun sem er notuð til að greina á milli mismunandi atvinnugreina og draga saman skyldar greinar. Verulega vantar upp á að upplýsingar um atvinnugreinaflokkun og fjölda starfa séu nægilegar traustar enda vantar þar grunn gagn sem er fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Í áætlun Hagstofu Íslands um endurbætur á fyrirtækjatölfræði árin 2012-2015 er gerð hennar eitt veigamesta verkefnið. Við vinnslu upplýsinga um grænar atvinnugreinar og störf er sá vandi að ekki eru til neindir alþjóðlegir staðlar á þessu sviði. Afar skiptar skoðanir eru á því hvaða aðferðir eiga að nota við mælingar á græna hagkerfinu og grænum störfum. Bandaríska hagstofan (BLS) hefur tekið forystu á þessu sviði eins og lýst er ágætlega í þingsályktunartillögunni. Verkefnið er afar umfangmikið og ætla þeir að eyða í það átta milljónum dollara. BLS flokkar út frá eigin atvinnugreinaflokkun þær greinar þar sem þeir telja að græn starfsemi eigi sér stað og safna upplýsingum um störf í fyrirtækjum með úrtakskönnun. Í skilgreiningu BLS er einnig um að ræða störf sem eru við að gera framleiðslu umhverfisvænni. Þessi þáttur í skilgreiningu þeirra er afar vandsamur í mælingu og líklegt að um verulegar tvítekningar sé að ræða. Skortur á alþjóðlegum stöðlum og aðferðum á þessu sviði leiðir til vandmála og aukinnar fyrirhafnar við mælingu á grænni atvinnustarfsemi.

Á Hagstofunni er ekki unnið að gerð umhverfisreikninga né umhverfistölfræði. Til að rækja alþjóðlegar skyldur á sviði umhverfismála er því nauðsynlegt að koma upp sérþekkingu á þessu flókna efnissviði. Fyrst og fremst er um að ræða gerð umhverfisreikninga og tölfræði um umhverfismál. Hins vegar ætti ekkert að standa sérstaklega í vegi fyrir því að Hagstofan gerði svipaðar athuganir og BLS ef til þess fengist nægilegur stuðningur. Slíkt verkefni gæti fallið ágætlega að þeim endurbótum sem eru að verða á svið fyrirtækjatölfræði á Hagstofunni árin 2012-2015.

Að lokum má nefna að aukin áhersla er á þessa mál alþjóðlega má þar nefna sérstaklega umfjöllun Stiglitz-Sen-Fitoussi skýrslunnar og evrópska skýrslu um Mælingu framfara velferðar og sjálfbærni þar sem gert er ráð fyrir að Evrópuríkin vinni að gerð ýtarlegrar tölfræði á þessum sviðum næstu árin.

Hagstofan telur að það myndi styrkja niðurstöður þingsályktunartillögunnar ef þar yrði að finna stuðning við gerð lögbundinnar umhverfistölfræði og hliðarreikninga um umhverfismál til viðbótar þeirri tillögu sem þegar er fyrir hendi um flokkun á grænni atvinnustarfsemi. Tímarammi á tillögunni gæti verið 2013-2015.

Virðingarfyllst,



Rósmundur Guðnason
skrifstofustjóri efnahagssviðs